

**ÁKVÖRDUN nr. 180****frá 15. febrúar 2000****um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 211 og E 212)****(Texti sem varðar EES)**

(2001/70/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 <sup>(2)</sup>, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 158 frá 27. nóvember 1995 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðunum <sup>(3)</sup>,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með gildistöku reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1606/98 <sup>(4)</sup> var reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 breytt með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.

Með gildistöku reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 307/1999 <sup>(5)</sup> var reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 breytt með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.

Í því skyni að taka tillit til þessara rýmkana verður að aðlaga ástæður og tímamörk til áfrýjunar sem tilgreind eru á eyðublaði E 212.

Breytingar á löggjöf, að því er varðar ástæður og tímamörk til áfrýjunar, eru tíðar.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 er skylt að veita umsækjanda upplýsingar um þær ástæður og þau tímamörk sem gilda um áfrýjun. Í ákvörðunum, sem teknar eru af viðkomandi stofnunum, skal vera að finna upplýsingar um þær ástæður og þau tímamörk sem gilda um áfrýjun sem sett eru samkvæmt viðkomandi löggjöf. Umsagnaraðili skal tilkynna umsækjanda um þetta með eyðublaði E 211 – Samantekt ákvarðana.

Með núverandi útgáfu eyðublaðs E 212 og mögulegum uppfærslum þess er ekki tryggt að upplýsingar til umsækjanda um þær málsmeðferðir, sem fylgja skal við áfrýjun, séu skýrar og tæmandi.

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttð. EB L 336, 27.12.1996, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttð. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1.

Nauðsynlegt er því að breyta eyðublaði E 211 – Samantekt ákvarðana.

VI. viðauki við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er eyðublöðum, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, breytt og þau tekin í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Meðfylgjandi fyrirmynd skal koma í stað fyrirmyndarinnar að eyðublaði E 211 sem er prentað í ákvörðun nr. 158.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) eyðublaðið í té í samræmi við meðfylgjandi fyrirmynd að því.
3. Eyðublaðið skal vera fánlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur hafi nákvæmlega sama útlit, þannig að hver sá aðili, einstaklingur eða stofnun, sem á að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, vinnuveitandi o.s.frv.), geti fengið það á sínu tungumáli.
4. Afturkalla skal eyðublað E 212.
5. Ákvörðun þessi verður birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Sebastião PINTO PIZARRO

### SAMANTEKT ÁKVARÐANA

Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 48

Umsagnaraðili skal fylla út þetta eyðublað og senda afrit til umsækjanda á tungumáli hans og láta afrit af hverri hinna formlegu ákvarðana fylgja. Umsagnaraðili skal einnig senda afrit af eyðublaði E 211 til viðkomandi stofnana og láta afrit af ákvörðun sinni fylgja, svo og af ákvörðunum annarra stofnana sem málið varðar.

1.	Umsækjandi
1.1.	Kenninafn <sup>(2)</sup> : .....
1.2.	Eignnafn/-nöfn .....
	Fyrri nöfn <sup>(2)</sup> : .....
	Fæðingarstaður <sup>(3)</sup> : .....
1.3.	Fæðingardagur og -ár: .....
	Kyn: .....
	Ríkisfang: .....
	DNI-númer <sup>(4)</sup> : .....
1.4.	Heimilisfang <sup>(5)</sup> : .....

#### 2. Umsókn yðar um

- 2.1.  ellilífeyri  örorkulífeyri  eftirlífendalífeyri
- 2.2.  var tekin til umfjöllunar hjá eftirtöldum stofnunum:

3.	Viðkomandi stofnanir:		
	Land	Stofnun	Tilvísun í skýrslu
3.1.	.....	.....	.....
3.2.	.....	.....	.....
3.3.	.....	.....	.....
3.4.	.....	.....	.....
3.5.	.....	.....	.....

#### 4. Þessar stofnanir hafa tekið eftirfarandi ákvarðanir (sjá meðfylgjandi frumrit af ákvörðunum)

5.	Umsókn yðar var hafnað
5.1.	Varðandi <sup>(6)</sup> : Ástæða: ..... ..... .....
5.2.	Varðandi <sup>(6)</sup> : Ástæða: ..... ..... .....

6.	Yður hefur verið veittur lífeyrir <sup>(7)</sup>		
	Varðandi <sup>(6)</sup> :	Árleg fjárhæð í gjaldmiðli landsins sem ber að greiða lífeyrinn <sup>(8)</sup> <sup>(9)</sup> :	Greiðist frá (dags.):
6.1.	.....	.....	.....
6.2.	.....	.....	.....
6.3.	.....	.....	.....
6.4.	.....	.....	.....
6.5.	.....	.....	.....

7 Ef þér eruð ósammála ákvörðun eða ákvörðunum getið þér áfrýjað. Þér skuluð, vegna hverrar ákvörðunar sem er áfrýjað:

1. Gera skýra grein fyrir ástæðum áfrýjunarinnar í bréfi sem þér verðið að skrifa undir.
2. Ef þér getið ekki skrifað undir það setjið þá kross og fáið tvo einstaklinga, sem náð hafa lögaldri, til að skrifa undir og skulu þeir skrifa kenninamn sitt, eiginnafrn/-nöfn og fullt heimilisfang.
3. Í bréfinu skuluð þér vísa í tilkynninguna um ákvörðunina sem ágreiningur er um og senda með afrit af ákvörðuninni.
4. Senda skal bréfið til þess yfirvalds, sem um getur í ákvörðuninni, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í ákvörðuninni.
5. Í samræmi við 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 hefst tímabilið sama dag og samantektin er móttækin.

ÞAÐ ER GRUNÐVALLARATRÍÐI AÐ TÍMAMÖRKUNUM, SEM TILGREIND ERU Í HVERRI ÁKVÖRÐUN SÉ HLÍTT.

6. Í samræmi við 86. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal veita þeim áfrýjunum viðtöku sem hefði verið skilað inn, innan þeirra tímamarka sem löggjöf eins ríkis mælir fyrir um, ef þeim er skilað inn, innan sömu tímamarka, til samsvarandi yfirvalds í öðru ríki.

8.	Umsagnaraðili
8.1.	Heiti: .....
8.2.	Heimilisfang <sup>(5)</sup> : .....
8.3.	Stimpill: .....
	8.4 Dagsetning: .....
	8.5 Undirskrift: .....

#### LEIÐBEININGAR

**Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar**

#### ATHUGASEMDIR

- (\*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir þetta eyðublað einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- <sup>(1)</sup> Tákn fyrir land umsagnaraðila: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- <sup>(2)</sup> Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Þegar portúgalskur ríkisborgari á í hlut skal rita öll nöfnin (eiginnafrn, kenninamn, meyjarnamn) í sömu röð eftir borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- <sup>(3)</sup> Ef um er að ræða hérað í Portúgal skal einnig tilgreina sókn og staðaryfirvöld.
- <sup>(4)</sup> Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita númer á innlendu kennivottorði (DNI-númer), ef það er fyrir hendi, jafnvel þótt það sé fallið úr gildi. Að öðrum kosti skal rita „ekkert“.
- <sup>(5)</sup> Gata, númer, póstnúmer, bær, land, símanúmer.
- <sup>(6)</sup> Tilgreina skal land og, ef nauðsyn krefur, viðkomandi kerfi.
- <sup>(7)</sup> Eða batur í peningum í Liechtenstein.
- <sup>(8)</sup> Ef gengi lífeyris breytist í samræmi við gildandi landslög skal fjárhæð sú, sem er tilgreind að framan, einnig breytast. Ekki verður tilkynnt um hina nýju upphæð til annarrar stofnunar.
- <sup>(9)</sup> Hugsanlegt er að fjárhæðin lækki vegna skatta og iðgjalda sem lífeyrisþega ber að greiða.